

Íslensk-pólsk veforðabók

Orðabækur eru grunnforsenda fyrir skilningi á milli tveggja mála og eru mikilvæg hjálp í tungumálakennslu. Mjög hefur skort á slíkt hjálpartæki við íslenskunám og málskilning þess stóra hóps Pólverja sem hefur sest að á Íslandi. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (SÁM) í Reykjavík tók því frumkvæði að því að búa til nýja veforðabók milli íslensku og pólsku. Verkefnið er til þess fallið að styðja við notkun íslensku í samskiptum Pólverja og Íslendinga og hjálpa til við að efla málskilning milli þessara hópa þannig að dregið sé úr þörfinni á að grípa alltaf til ensku, eins og algengt er í samskiptum þjóðanna. Markhóparnir eru einkum þessir: Pólverjar á Íslandi, bæði þeir sem sest hafa þar að og þeir sem starfa á landinu í skemmri tíma, nemendur og kennarar á öllum skólastigum og auk þess þýðendur og túlkar milli málanna tveggja.

Eftir að ný öld gekk í garð hefur vinna við orðabækur gerbreyst og eru þær nú nær eingöngu gefnar út á rafrænu formi á vefnum. Þetta gerir viðbætur, leiðréttingar og aðrar uppfærslur mun einfaldari en áður var mögulegt. SÁM hafði yfir að ráða íslenskum orðabókarstofni, nauðsynlegri fagþekkingu og þeim tæknilegu aðstæðum sem þarf til að gera þetta kleift. Pólska er tíunda markmálið í röð tvímálaorðabóka á vegum SÁM. Áður hafa komið út ISLEX sem er íslensk-norræn orðabók með markmálunum dönsku, norsku, nýnorsku, sænsku, færeysku og finnsku. ISLEX var opnað árið 2011. LEXÍA er orðabók milli íslensku, frönsku og þýsku og var franski hluti hennar opnaður 2021. Þýska er enn í vinnslu en ráðgert er að opna hana síðari hluta árs 2024. Einnig er unnið að íslensk-enskri orðabók. Einsmálsorðabókin *Íslensk nútímamálsorðabók* er aðgengileg og nýtist einkum þeim notendum sem hafa góða undirstöðu í íslensku.

Nýja íslensk-pólska orðabókin hefur að geyma 54 400 íslensk uppflettið ásamt þýðingum á pólsku. Orðabókin lýsir íslensku nútímamáli þar sem áhersla er lögð á að sýna margvísleg orðasambönd, fasta orðanotkun og notkunardæmi. Íslenski orðaforðinn er stöðugt endurskoðaður og uppfærður. Við ritstjórnina er notaður vefgagnagrunnur sem er sérstaklega hannaður fyrir verkefnið. Margir kostir rafrænnar miðlunar eru látnir njóta sín, t.d. er hægt er að hlusta á framburð íslensku uppflettiðanna auk framburðar á 750 föstum orðasamböndum. Gefin eru full beygingardæmi allra beygjanlegra orða með tenglum í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN).

Orðaforðanum í orðabókinni er skipt upp í 600 merkingarsvið, en þau eru til dæmis *matur*, *skóli*, *hljóð* og *hreyfing*. Auk þess er að finna hefðbundnari sérmerkingar á vissum fagsviðum eins og til dæmis *jarðfræði*, *stærðfræði*, *lögfræði*, *málfræði* og *tölvur*. Þegar orðin eru þýdd á pólsku er að langmestu leyti unnið eftir þessum flokkum, en það gerir starfið þægilegra og tryggir betra innbyrðis samræmi.



Mynd 1. Nafnorð, 'sólárupprás', með pólskri þýðingu 'wschód słońca' fyrir neðan

Um 3000 myndir eru í orðabókinni (sbr. mynd 1), einkum af fyrirbrigðum í náttúrunni eins og dýrum og plöntum. Mikil áhersla er lögð á að sýna föst orðasambönd, en þau eru 10 þúsund talsins og að auki 4000 sagnasambönd, til dæmis *gera við* og *koma fyrir*. Jafnframt eru í orðabókinni 34 þúsund notkunardæmi sem sýna íslensku orðin í eðlilegu textasamhengi.

Orðasamböndin eru mikilvægur hluti af orðabókinni. Þau geta oft reynst erfið þeim nemendum sem læra íslensku sem annað mál og því þarf að gera þeim góð skil. Orðasamböndin skiptast í tvo meginflokka: orðastæður (e. collocations), og orðatiltæki eða myndhverf orðasambönd (e. idioms). Orðastæður hafa fastan kjarnalið auk stoðliðar (mynd 2) og merking þeirra er venjulega gagnsæ, eins og orðastæðurnar í orðinu *loft*: <svífa> í *loftinu*, <horfa> út í *loftið* og <kasta boltanum> upp í *loftið* (sjá Jón Hilmar Jónsson 2005: xix–xx). Myndhverfu orðasamböndin eru hins vegar oftast ekki ógagnsæ og getur verið erfið að átta sig á merkingu þeirra út frá orðunum einum. Dæmi um slík orðasambönd eru í orðinu *eldur*: *fara úr öskunni í eldinn*, *hafa mörg járn í eldinum* og *hella olíu á eldinn*. Þarna eru á ferðinni myndlíkingar (metafórir) þar sem merking orðasambandsins er í heild sinni ákveðið hugtak fremur en að hægt sé að ráða hana af einstökum orðum þess.

klukka no kvk

🔊 **framburður**

→ BEYGING

1

(tímamælir)

= zegar

hvað er klukkan?

= która jest godzina?

klukkan er <tvö>

= jest druga

klukkan er að verða <tvö>

= jest prawie <druga>

klukkan er <tíu mínútur> gengin í <fjögur>

= jest <dziesięć> po <trzeciej>

klukkan er <tíu mínútur> yfir <þrjú>

= jest <dziesięć> po <trzeciej>

klukkan slær

= zegar bije (wybija godziny)

klukkuna vantar <tvær mínútur> í <þrjú>

= jest za <dwie minuty> <trzecia>

Mynd 2. 'Klukka' (p. 'zegar'). Orðið er í sjálfu sér einfalt en því fylgja mörg föst orðasambönd sem öll fá þýðingu á pólsku

Upphaf verkefnisins má rekja til ársins 2019 en þá fékkst styrkur úr einum af sjóðum Háskóla Íslands að upphæð þrjár milljónir íslenskra króna. Í kjölfarið var lagður grunnur að orðabókinni og Stanisław Bartoszek var ráðinn verkefnisstjóri pólska markmálsins, en hann hefur mikla reynslu af orðabókum og hefur sjálfur áður gefið út orðabækur milli íslensku og pólsku. Eins og í öðrum orðabókarverkum SÁM er Halldóra Jónsdóttir verkefnisstjóri og Þórdís Úlfarsdóttir aðalritstjóri.

Í árslok 2022 fékk SÁM 15 milljón króna fjárveitingu frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu á Íslandi og var þá hægt að setja meiri kraft í verkið. Auk Stanisławs voru ráðnir til starfa tveir ritstjórar pólska markmálsins sem eru menntaðir í íslensku sem öðru máli og þýðingafraeði frá Háskóla Íslands, en þau eru Aleksandra Maria Kieliszewska og Mirosław Ambroziak. Ennfremur kemur að verkinu Emilia Młyńska, skólaráðgjafi í kennslu innflytjenda sem veitir sérfræðiráðgjöf og þýðir einnig hugtök á sínu sviði.



Mynd 3. Af ritstjórnarfundi um orðabókina í ársbyrjun 2023. Frá vinstri: Emilia Młyńska, Stanisław Bartoszek, Halldóra Jónsdóttir, Mirosław Ambroziak, Þórdís Úlfarsdóttir og Aleksandra Kieliszewska. Mynd: Sigurður Stefán Jónsson

Síðar bættist við Paweł Bartoszek sem býr yfir sérþekkingu í stjórnsýslu, en orðaforðinn sem henni fylgir er umfangsmikill og mjög mikilvægur fyrir innflytjendur.

Mikil þörf er talin á að koma efninu sem fyrst fyrir almenningssjónir, en framhaldsstyrkur frá áðurnefndu ráðuneyti gerir það mögulegt. Staðan í mars 2024 eru sú að búið er að vinna 32 þúsund orð sem samsvarar um 60 prósentum af orðaforðanum. Unnið er eftir ákveðnum forgangi þannig að mikilvægustu orðin eru þýdd fyrst á pólsku. Stefnt er að því að orðabókin verði opnuð á vef SÁM síðari hluta ársins 2024 en orðabókin verður þá aðgengileg og ókeypis fyrir alla.

Orðabækur

Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (BÍN). Kristín Bjarnadóttir (ritstjóri). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (<https://bin.arnastofnun.is/>)

ISLEX, íslensk-skandinavísk orðabók. Þórdís Úlfarsdóttir (aðalritstjóri). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (<https://islex.arnastofnun.is/>)

Íslensk nútímamálsorðabók. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstjórar). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (<https://islenskor-dabok.arnastofnun.is>)

Íslensk-pólsk orðabók. Þórdís Úlfarsdóttir (aðalritstjóri). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (<https://polska.arnastofnun.is> er væntanlegur tengill)

Jónsson, Jón Hilmar. 2005. *Stóra orðabókin um íslenska málnotkun*. Reykjavík: JPV. LEXÍA, íslensk-frönsk og þýsk orðabók. Þórdís Úlfarsdóttir (aðalritstjóri). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. (<https://lexia.arnastofnun.is/>)

Orðabókarritstjórar

Halldóra Jónsdóttir
Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
<https://orcid.org/0009-0007-8617-7032>

Þórdís Úlfarsdóttir
Árni Magnússon Institute for Icelandic Studies
<https://orcid.org/0009-0004-7316-4951>